

### Tilgangur

Stefna Sjóvá um varnir gegn mútum og spillingu lýsir áherslum og aðgerðum Sjóvá gegn mútum og spillingu. Ekkert umburðarlyndi er hjá Sjóvá gagnvart mútum og spillingu og skulu starfsmenn og aðrir aðilar sem koma fram fyrir hönd félagsins starfa á faglegan, sanngjarnan og heiðarlegan hátt í öllum viðskiptum og viðskiptasamböndum.

### Umfang

Stefna þessi tekur til allra þeirra aðila sem starfa fyrir Sjóvá eða fyrir hönd Sjóvá að einhverju leyti, þ.m.t. til starfsmanna á öllum stigum, stjórnar, stjórnenda, yfirmanna, starfsmanna, sjálfboðaliða, starfsnema, umboðsmanna, verktaka, utanaðkomandi ráðgjafa, fulltrúa þriðja aðila og samstarfsaðila.

Mútugreiðslur, það eru fjárhagsleg umbun, hvati eða umbun af öðrum toga, fyrir eða sem ætlað er að hvetja til aðgerða sem eru ólöglegar, siðlausar, teljast trúnaðarbrestur eða eru óviðeigandi á nokkurn hátt, hvar sem er í heimi og geta verið í formi peningagreiðslu, gjafa, láns, gjalda, risnu, þjónustu, afslátta, úthlutunar samnings eða annars konar forskots eða ávinnings. Mútur taka ekki einungis til greiðslna eða umbunar til þeirra sem framkvæma hina óviðeigandi aðgerð, heldur einnig til greiðslna eða umbunar til aðila sem heldur því fram eða veitir vissu fyrir að hann geti haft áhrif á óviðeigandi aðgerðir.

Spilling, það eru vinnubrögð eins og mútur, fyrirgreiðslur, svik, fjárkúgun, samráð og peningþvætti, tilboð eða afhending á gjöfum, lánum, þóknunum, verðlaunum eða öðrum fríðindum sem hvatning til að gera eitthvað sem er óheiðarlegt, ólöglegt, eða táknað trúnaðarbrest. Spilling getur einnig falið í sér fjárdrátt, viðskipti með áhrif, misnotkun á virkni, ólöglega auðgun, leyndarmál, og hindrun á réttlæti.

### Stefna

Sjóvá skuldbindur sig til þess að: (a) bjóða hvorki mútur né láta óátalið slíkt boð fyrir hönd Sjóvá; (b) taka hvorki við mútum fyrir hönd Sjóvá né fallast á að þær verði samþykktar af hálfu félagsins; (c) fylgja ákvæðum laga um varnir gegn peningþvætti; (d) halda nákvæmt bókhald og skjalaskrár; (e) forðast að eiga í viðskiptum við eða tengja Sjóvá við aðra aðila sem virða ekki gildi og stefnu Sjóvá hvað varðar varnir gegn mútum og spillingu og geta skaðað orðspor félagsins; og (f) viðhalda stöðugu eftirliti og endurskoðun stefnunnar í samræmi við meginreglur þessar.

Mútur og spilling í öllum myndum eru stranglega bönnuð. Ef vafi leikur á því hvort tiltekin ákvörðun eða verknaður feli í sér mútur eða spillingu skal bera álitafnið undir næsta yfirmann eða regluvörð.

Óheimilt er sérstaklega að: (a) gefa eða bjóða fram greiðslu, gjafir, risnu eða annað sem dregið getur í efa óhlutdrægni starfsmanna eða félagsins (b) samþykkja greiðslu, gjafir, risnu eða annað frá þriðja aðila sem vitað er, eða grunur leikur á, að lagt sé fram með þeim væntingum að Sjóvá muni veita þeim eða öðrum viðskiptalegt forskot (c) veita eða bjóða fram nokkurs konar greiðslu til embættismanna, í hvaða landi sem er, í von um að liðka fyrir viðskiptum (e. “facilitation payment”) til að auðvelda eða flýta fyrir hefðbundinni og/eða nauðsynlegri málsmeðferð.

Hvorki má hóta né hefna sín á öðrum aðila sem hefur neitað að bjóða eða þiggja mútugreiðslur eða hefur vakið athygli á hugsanlegri spillingu eða mútum. Starfsmenn og aðrir geta lagt fram ábendingu

Þess efnis. Stafsfólk og aðrir skulu ekki gjalda fyrir það og geta sent inn slíkar ábendingar undir nafni eða nafnlaust.

Hjá Sjóvá gilda siðareglur sem eru grunnviðmið starfsfólks félagsins fyrir góða viðskiptahætti og siðferði. Þá vinnur félagið eftir stefnu um meðhöndlun ábendinga og kvartana.

Til að fyrirbyggja spillingu innan virðiskeeðju Sjóvá og tryggja góða viðskiptahætti leggur Sjóvá áherslu á að birgjar félagsins uppfylli og undirriti siðareglur birgja sem Sjóvá hefur sett. Áhættumiðað birgjamat er framkvæmt við upphaf samningssambands við stærstu birgja félagsins.

Sjóvá hefur sett sér stefnu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í þeim tilgangi að draga úr áhættu sem stafar af hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og leitast þannig við að hindra að rekstur og starfsemi Sjóvá verði notuð til að þvætta fjármuni eða til fjármögnunar hryðjuverka.

Sjóvá hefur sett sér stefnu um hlítingu við lög og reglur. Regluvörður hefur eftirlit með hlítingu félagsins og starfsmanna við lög og reglur sem um starfsemi félagsins gilda og gefur stjórn skýrslu, a.m.k. árlega, um framgang eftirlitsins.

Innri endurskoðandi framkvæmir úttektir til að tryggja hæfilega vissu um að samstæðan nái árangri gegn mútum og spillingu. Stjórnendur hafa eftirlit með markmiðum og árangursmælingum aðgerða í þeim málum.

Verklagsreglur um viðlög við agabrotum gilda varðandi starfsfólk og aðra sem starfa fyrir félagið. Viðurlög geta náð yfir þá sem fara gegn stefnum félagsins í einstökum málaflokkum og/eða brjóta gegn stefnu þessari, verklagsreglum félagsins, siðareglum þess eða almennt lögum og reglum sem gilda um rekstur váttryggingafélaga eða önnur lög sem gilda í landinu.

## Tengd skjöl

[ST-Meðhöndlun ábendinga og kvartana](#)

[VR-Siðareglur](#)

[VR-Siðareglur birgja](#)

[ST-Stefna um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka](#)

[ST-Hlítingastefna](#)

[VR-Viðurlög við agabrotum](#)